

Lög um breyting á lögum nr. 30 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 53.

Auglýsing um fullgildingu alþjóða póstmálasamninga, undirskrifuð af utanríkisráðherra 12. maí 1947, nr. 54.

Auglýsing um þátttöku í alþjóða hvalveiðisamningum, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 55.

Auglýsing um staðfestingu Íslands á stofnskrá alþjóða flóttamannastofnunar hinna sameinuðu þjóða, undirskrifuð af utanríkisráðherra 17. maí 1947, nr. 56.

53

6. marz

REGLUGERÐ

um holræsi í Hafnarkauptúni.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kaupúnsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast vatnsveitunefnd eða maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila, og er mönnum skylt að hlýta í öllu fyrir-mælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, kr. 25.00 árlega, af hverju húsi og auk þess gjald, sem miðast við fasteignamat húsanna, sem hér segir:

Af fyrstu kr. 5000.00 greiðist	5 %
Af næstu kr. 5000.00 greiðist	3 —
Af því, sem þar er fram yfir, greiðist	1,5—

Gjöld þessi getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað um allt að 25%.

4. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið, og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkvæmt 1. gr. og holræsagjaldið má taka lögtaki, og er það tryggt með lögveði í eigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Gjald dagi holræsagjaldsins er 1. júní ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 200.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 6. marz

Félagsmálaráðuneytið, 6. marz 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

SAMPYKKT

54

11. marz

um lokun sölubúða á Akranesi.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna, kaupfélaga og heildsala skal lokað eftir því, sem segir í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar. Lyfjabúðir, sem verzla með varning sem verzlunarleyfi þarf til, mega ekki selja slíkan varning eftir lokunartíma sölubúða.

2. gr.

Sölubúðir skulu vera lokaðar virka daga frá kl. 6 síðdegis til kl. 9 árdegis. Á laugardögum skal sölubúðum lokað frá kl. 4 síðdegis. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum eigi lokað síðar en kl. 3 síðd. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til miðnættis.

3. gr.

Sölubúðir skulu lokaðar almenna helgidaga, sunnudaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og 1. desember.

4. gr.

Á lokunartíma sölubúða samkvæmt framansögðu er óheimilt að selja á strætum eða torgum nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja nauðsynjar til skípa á lokunartíma, en þó aðeins fyrir lokuðum dyrum.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er, þó ekki lengur en hálf tíma.

6. gr.

Bæjarstjórn getur leyft undanþágur frá ákvæðum í 1.—4. gr., ef sérstakar ástæður mæla með því.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akraness, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.